

Íbúaráð Laugardals

Ár 2023, mánudagurinn, 13. nóvember, var haldinn 40. fundur íbúaráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Laugardalslaug og hófst kl. 16.31. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Atli Stefán Yngvason, Birna Hafstein, Grétar Már Axelsson, Lilja Sigrún Jónsdóttir, Sigurlín Ósk Hrafnisdóttir og Sabine Leskopf. Fundurinn sátu einnig Arna Hrönn Aradóttir og Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram að nýju bréf bréf skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, ódags. um sameiningu strætóstöðvanna Austurbrún og Dragavegar, sbr. 4. liður fundargerðar ráðsins frá 9. október 2023. MSS23100070
2. Lagt fram svar skóla- og frístundasviðs, dags. 11. október 2023, við fyrirspurn íbúaráðs Laugardals um stöðu mála á Laugasól, sbr. 6. liður fundargerðar ráðsins frá 9. október 2023. MSS23100069
3. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 6. október 2023, um niðurstöður í Hverfið mitt 2022-2023. MSS22020075
4. Lögð fram umsögn íbúaráðs Laugardals, dags. 19. október 2023, um Sundabraut – aðalskipulagsbreyting og umhverfismat – verklýsing til kynningar. USK23090007
5. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034
6. Lögð fram greinargerð Íbúasamtaka Laugardals, 15. mars 2023, vegna verkefnisins Útimarkaður Íbúasamtaka Laugardals 2022. MSS22040019
7. Lögð fram greinargerð Arnórs Kára Egilssonar, dags. 20. október 2023, vegna verkefnisins Utandyra náttúrusafn: Vegglistaverk á félagsmiðstöð Þrótt-/Glaðheimar ásamt fylgiskjali. MSS22040019
8. Lögð fram að nýju greinargerð Lauren Charnow, dags. 16. ágúst 2023, vegna verkefnisins BigDotLittleDotCircusDay-Laugardalur, sbr. 11. liður fundargerðar ráðsins frá 11. september 2023. MSS22040019
9. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í Hverfissjóð Reykjavíkurborgar. MSS22040019

Samþykkt að veita Totally ehf. styrk að upphæð kr. 100.000 vegna verkefnisins Laugardalur Offers and Requests Exchange Events.

Öðrum umsóknum er frestað.

Þessi liður fundar er lokaður með vísan til 7. liðar samþykktar fyrir íbúaráð Reykjavíkurborgar.

Fundi slitið kl. 18:05

Atli Stefán Yngvason

Sabine Leskopf
Birna Hafstein
Sigurlín Ósk Hrafnisdóttir

Lilja Sigrún Jónsdóttir
Grétar Már Axelsson